

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 96/2019

2020/EES/44/51

frá 29. mars 2019

## um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1478 frá 3. október 2018 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 til að uppfæra Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 32fhð (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 D 1478**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1478 frá 3. október 2018 (Stjtíð. ESB L 249, 4.10.2018, bls. 6).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1478, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 249, 4.10.2018, bls. 6.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.